

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, nr. 1198/2005.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á nafni og skipulagsskrá sjóðsins:

Heiti skipulagsskrárinnar verður **Myndlistarmiðstöð**.

1. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Myndlistarmiðstöð er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum og mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999.

Aðilar að Myndlistarmiðstöð eru:

Viðurkennd listasöfn á sviði myndlistar

Höfuðsafn á sviði myndlistar

Myndstef

Samband íslenskra myndlistarmanna

Íslandsstofa

Utanríkisráðuneyti

Samtök listamannarekinna rýma

Listfræðafélagið

Hver framangreindra aðila tilnefnir einn fulltrúa í fulltrúaráð og annan til vara nema Samband íslenskra myndlistarmanna sem tilnefnir fimm fulltrúa og jafn marga til vara.

Stofnfé miðstöðvarinnar er 621.000 kr. sem lagt er fram af menntamálaráðuneyti. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 621.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

2. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið Myndlistarmiðstöðvar er að styðja og efla íslenska myndlist innanlands og utan, vekja áhuga og auka skilning almennings á myndlist og greiða fyrir samskiptum milli aðila greinarinnar.

Hlutverk miðstöðvarinnar felst í að annast markvissa kynningu á íslenskri myndlist heima og erlendis og stuðla að þróun innan stjórnkerfis og stofnana svo efla megi þátt myndlistar sem víðast í samfélaginu. Veita ráðgjöf, fræðslu og miðla upplýsingum til fagfólks, almennings og opinberra stofnana. Auka veg íslenskrar myndlistar, með fjölbreyttum innlendum og alþjóðlegum verkefnum og viðburðum á sviði myndlistar.

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Fulltrúaráð Myndlistarmiðstöðvar kemur saman til ársfundar sem skal haldinn fyrir lok júní ár hvert. Stjórn boðar til ársfundar skriflega með minnst 14 daga fyrirvara. Fundurinn er aðeins löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu á ársfundi fulltrúaráðs hefur einn fulltrúi frá hverjum aðila, en Samband íslenskra myndlistarmanna hefur rétt á fimm fulltrúum, sbr. 1. gr.

Formaður stjórnar stýrir ársfundum en fundurinn kýs ritara til að rita fundargerðir og skulu þær sendar fundarmönnum. Hverjum fundarmanni er heimilt að fá bókaða stutta greinargerð um afstöðu sína til einstakra mála.

Á ársfundi er tilkynnt um skipun stjórnar sbr. 5. gr.

Auk ársfundar skal fulltrúaráð boðað á fund 1-2 á ári.

Ef ¼ fulltrúaráðs óskar eftir því að boðað sé til fundar skal formaður stjórnar kalla saman til fulltrúaráðsfundar innan tveggja vikna.

4. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

1. Reikningar liðins árs kynntir.
2. Skýrsla um starfsemi síðasta starfsárs.
3. Fjárhagsáætlun kynnt.
4. Önnur mál.

Til þess að mál nái fram að ganga á ársfundi þarf að minnsta kosti helmingur fulltrúa að vera á fundi og meirihluti þeirra að greiða atkvæði með málinu.

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Starfsemi Myndlistarmiðstöðvar er á ábyrgð stjórnar og forstöðumanns, sem hún ræður. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneyti, einn fulltrúi Listfræðafélagsins og einn fulltrúi frá samtökum listamannarekinna rýma. Einn fulltrúi skal kosinn á fundi forstöðumanna listasafna, sem aðild eiga að stofnuninni, með einfaldri atkvæðagreiðslu. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Stjórnarmenn eru tilnefndir til þriggja ára í senn og mega ekki sitja meira en tvö tímabil. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, ritara og meðstjórnendur til eins árs í senn.

Stjórnin setur reglur sem miða að því að tryggja hæfilega endurnýjun innan hennar. Reglur þessar skulu lagðar fyrir ársfund til samþykktar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 5. janúar 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.